Kópavogi 3. mars 2021

Ágæti viðtakandi

Kópavogsbær styrkir félög sem standa fyrir sumarnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 6 til 14 ára á þann hátt að úthluta þeim starfsmönnum. Félög sem sækja um styrk í formi sumarstarfsmanna skuldbinda sig til að fylgja þeim reglum sem Kópavogsbær setur varðandi styrkinn. Reglurnar kveða á um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem halda sumarnámskeið og hvernig bæjarfélagið mun hafa eftirlit með námskeiðunum og hverju þarf að skila. Athugið að inn í starfsreglurnar er nú komið ákvæði um aukna upplýsingaskyldu námskeiðshaldara, þar sem gerð er krafa um að greina þátttakendur námskeiðanna eftir kyni, aldri og heimili.

Með bréfi þessu fylgir upplýsingareyðublað vegna námskeiðanna.
Eyðublaðinu skal skilað fyrir 26. mars 2021.

Aðalstjórn félagsins verður úthlutað starfsmönnum á aldrinum 18 ára og eldri (fæddir 2003 eða fyrr) sem félagið hefur til ráðstöfunar. Ráðningartíminn er 6 – 8 vikur.

Vakin er athygli á því að ungt fólk sem hefur áhuga á að starfa á námskeiðum félaganna, þarf eins og aðrir umsækjendur að sækja um sumarstarf hjá bænum.
Sótt er um starfið undir heitinu **„Aðstoðarleiðbeinandi á sumarnámskeiðum íþrótta- og tómstundafélaga“** Umsóknartímabil er frá 1. mars **til 31. mars**. n.k., en linkur inn á umsóknarsíðu er á heimasíðu bæjarins.
https://kopavogur.alfred.is/kopavogur?jobtype=3.

Einnig er bent á að félögin geta sótt um til Vinnuskóla Kópavogs um að fá 17 ára ungmenni (f. 2004) sem aðstoðarmenn á námskeiðum, svo framarlega sem viðkomandi hafi sótt um starf til Vinnuskólans.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi umsóknareyðublað, starfsreglur eða annað er varðar námskeiðin, þá erum við starfsmenn íþróttadeildar Gunnar og Jón tilbúnir til að svara þeim í síma 441-0000.

Virðingarfyllst,

Gunnar Guðmundsson
Íþróttafulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026